



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019110094

29. nóvember 2019

Biðstöð strætó á Hagatorgi við Hótel Sögu

Lagt er til að biðstöð fyrir strætisvagna á Hagatorgi við Hótel Sögu verði staðfest í samræmi við a-lið 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Biðstöðin verði merkt með viðeigandi umferðarmerki í samræmi við reglugerð 289/1995.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Hægri: Aðstæður fyrir breytingar árið 2017 (mynd: ja.is) Vinstri: Aðstæður eftir breytingu árið 2019 (mynd frá Strætó)



Greinargerð:

Á Hagatorgi hefur verið biðstöð lengi. Það er því ekki nýtt að þarna sé stöðvað við biðstöð. Nýlega tók Strætó biðstöðina tímabundið úr þjónustu vegna þess að hún er í hringtorgi þar sem óheimilt er að stöðva skv. umferðarlögum.

Eins og áður segir er biðstöðin búin að vera þarna lengi en í sumar var akbrautin mjókkuð. Það var gert til að bæta öryggi gangandi vegfarenda sem þvera torgið en þarna hafa nú verið samþykktar og gerðar gangbrautir (í samræmi við 2.mgr. 81.gr umferðarlaga). Fram að því var hægt að aka framhá strætó sem stöðvaði.

Farið var í þá aðgerð að bæta göngutengingar yfir torgið að ósk íbúa í gegnum verkefnið Hverfið mitt, en mikið er gengið yfir torgið. Lengi hafa verið í þróun hugmyndir um að bæta aðgengi og nýtingu torgsins fyrir íbúa. Hámarkshraði á Hagatorgi er 30 km/klst og ætla má að umferð þar sem biðstöðin er sé á bilinu 3 til 5 þúsund ökutæki á sólarhring.

Það að strætó stöðvi við biðstöðvarnar veldur ekki hættu og þær tafir sem verða fyrir almenna umferð eru litlar. Í dag gengur ein leið Strætó um torgið, leið 11. Samkvæmt tillögum Strætó að nýju leiðaneti verða það tvær leiðir.



Mynd 2 Metin sólarhringsumferð bílaumferðar í mars 2018. Byggt á talningu á umferð inn í hringtorgið milli 8 og 10 og sólarhringsdreifingu umferðar.



Mynd 3 Biðstöðvar Strætó á Hagatorgi og í nágrenni. Gulir hringir sýna um 150m loftlínu frá biðstöðinni (Mynd: LUKR/Samsýn)



Staðsetning biðstöðvarinnar á Hagatorgi er ákjósanleg m.t.t. áfangastaða í nágrenninu svo sem Hótel Sögu, Háskólabíós, Hagaskóla og Háskóla Íslands. Auk staðsetningar m.t.t. áfangastaða er við mat á staðsetningu biðstöðva strætisvagna horft til umferðaröryggis og góðra tenginga við göngu- og hjólastígakerfið.

Útfærsla biðstöðva strætó tekur mið að stæðum hverju sinni. Miðað er við að þar sem umferð er minni en 10 þúsund ökutæki á dag og hámarkshraði 50 km/klst eða lægri stöðvi strætó í götunni (ekki í útskoti). Undantekning er þar sem margar leiðir stöðva eða innstig/útstig farþega eru mjög mörg. Þetta er til að skapa góðar aðstæður fyrir almenningssamgöngur og öruggar og aðlaðandi biðstöðvar fyrir farþega.